

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðabyggðar í Bjarkarási í landi Beitistaða, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 11. nóvember 2014 deiliskipulag íbúðabyggðar í Bjarkarási í landi Beitistaða.

Skipulagssvæðið tekur til 28,9 ha svæðis úr landi Beitistaða. Innan skipulagssvæðisins eru skilgreindar 12 íbúðalóðir á 11 ha landi og einnig er skilgreint um 16 ha svæði sem landbúnaðarland.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð, sbr. 41. gr. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 10. mars 2015,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2015